

226. fundur

haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þriðjudaginn 21. september 2021 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Elisabet Samúelsdóttir varaformaður, Baldvina Karen Gísladóttir aðalmaður, Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður og Sævar Þór Ríkarðsson varamaður.

Embættismenn:

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011

Lagt fram til kynningar gildandi aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Nefndin á að skila af sér stefnumótun í þeim málaflokknum sem heyrir undir íþróttá- og tómstundanefnd fyrir endurskoðun aðalskipulagsins.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsráðgjafi, kemur á fundinn undir þessum lið og kynnir vinnuna við gerð nýs aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, ráðgjafi í skipulagsmálum - 00:00

2. Fyrirspurn til HSV v. afgreiðslu ofbeldismála - 2021090002

Fyrirspurn til HSV sett á dagskrá að beiðni Karenar Gísladóttur, fulltrúa Í-lista í íþróttá- og tómstundanefnd. Jafnframt lagt fram minnisblað Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.

Íþróttá- og tómstundanefnd vísar fyrirspurninni til Héraðssambands Vestfirðinga.

3. Uppbyggingaráætlun 2022 - 2021080069

Lögð fram að nýju drög að uppbyggingaráætlun fyrir árið 2022, unnin af framkvæmdastjóra HSV.

Starfsmanni nefndarinnar falið að vinna áfram með málið ásamt framkvæmdastjóra HSV.

4. Gjaldskrár 2022 - 2021050043

Drög að gjaldskrá 2022 lögð fram til kynningar.

Nefndin samþykkir gjaldskrá 2022.

5. Fyrirspurn varðandi fjölnota knattspyrnuhús - 2021090074

Fyrirspurn frá Guðnýju Stefaníu Stefánsdóttur, formanni íþróttá- og tómstundanevndar, varðandi byggingu á fjölnota knattspyrnuhúsi:

Stærsta kosningamál allra flokka í sveitarstjórnarkosningum í Ísafjarðarbæ árið 2018 var að bæta aðstöðumál knattspyrnuíðkenda og færa þau til nútímans. Lítið heyrir af þessu máli í dag og mætti halda að um stórt leyndarmál væri að ræða. Knattspyrnufólk á Ísafirði og nágrenni er orðið langþreytt á aðstöðuleysi knattspyrnufélaga á svæðinu. Vetraraðstaða knattspyrnufólks á svæðinu er eins og best var árið 1990. Það er mikil og góð vinna sem fer fram hjá knattspyrnufélögum í sveitarfélaginu eins og í öðrum íþróttafélögum á svæðinu. Lítið heyrir frá Ísafjarðarbæ hver staðan er í þessum aðstöðumálum, þ.e byggingu fjölnota íþróttahúss.

Hver er staðan á þessum málum í dag? Hvernig sér Ísafjarðarbær framhaldið á þessu máli?

Íþróttá- og tómstundanevnd felur starfsmanni nefndarinnar að afla upplýsinga um málið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30

Elísabet Samúelsdóttir

Baldvina Karen Gísladóttir

Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Sævar Þór Ríkarðsson

Hafdís Gunnarsdóttir